



**212. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 20. júní 2013 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.**

**Forföll boðaði Örn Andrésson.**

### **1. Fráfall forseta ÍSí**

Lárus Blöndal varaforseti þakkaði fundarmönnum fyrir að koma til fundar með litlum fyrirvara en stjórnin er boðuð til fundar vegna þeirra hörmulegra fréttu er bárust í gær um ótímabært andlát Ólafs E. Rafnssonar forseta ÍSí, sem varð bráðkvaddur við störf sín sem forseti FIBA Europe í Sviss í gær.

Fundarmenn lutu höfði og minntust Ólafs með mínútu þögn.

Varaforseti skýrði frá því að embættismenn framkvæmdastjórnar ÍSí hefðu heimsótt Gerði, konu Ólafs, og fjölskyldu hans fyrr í dag til að votta henni samúð í nafni stjórnar og starfsfólks ÍSí.

Framkvæmdastjóri skýrði frá samverustund sem haldin var í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í morgun. Þar ávarpaði Lárus Blöndal vini og samstarfsmenn Ólafs, sem og prestur fjölskyldu Ólafs, sr. Sigríður Kristín Helgadóttir.

Ekki er búið að festa útfarardag en útförin verður væntanlega frá Hallgrímskirkju.

Samþykkt að ÍSí beri kostnaðinn af útför og erfidrykkju.

Samkvæmt grein 17.1.e í lögum ÍSí þá tekur varaforseti sæti forseta ef forseti fellur frá eða hættir á kjörtímabilinu.

Staðfest að Lárus Blöndal varaforseti gegni nú embætti forseta ÍSí til næsta ársþings ÍSí árið 2015.

Einnig staðfest að Ingi Þór Ágústsson, 1. varamaður, taki sæti í framkvæmdastjórn ÍSí.

Beðið verður með útnefningu varaforseta fram að næsta fundi framkvæmdastjórnar.

### **2. Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSí**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar er áætlaður 11. júlí nk. kl. 16:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.